

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið bann við hjólreiðum á gangstéttum við Laugaveg frá Hlemmi að Bankastræti og á gangstéttum í Bankastræti.

Ákvörðun þessi tók gildi 10. maí 1996.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 29. ágúst 1996.

Böðvar Bragason,

e.u.

Sturla Þórðarson.

Nr. 493

6. september 1996

REGLUGERÐ

um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til stofnframkvæmda í grunnskólum sveitarfélaga með 2.000 íbúa og þar yfir.

1. gr.

Á árunum 1997-2001 greiðir ríkissjóður allt að 265 millj. kr. á ári til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að styrkja framkvæmdir við grunnskólabyggingar. Framlagið verður greitt sjóðnum með jöfnum mánaðarlegum greiðslum fyrir 15. hvers mánaðar. Til viðbótar leggur sjóðurinn fram í sama skyni á árunum 1997-2002 135 millj. kr. á ári.

2. gr.

Framlögum þessum skal varið til að greiða allt að 20% af normkostnaði við grunnskólabyggingar í sveitarfélögum með 2.000 íbúa og þar yfir á árunum 1997-2002. Ákvörðun um normkostnað skal byggjast á reglum sem menntamálaráðherra setur á grundvelli 20. gr. laga um grunnskóla, nr. 66/1995, með síðari breytingum.

Við ákvörðun framlaga við upphaf og lok tímabilsins skal miða við byggingarstig framkvæmda 1. janúar 1997 og 31. desember 2002.

3. gr.

Samband íslenskra sveitarfélaga skal beita sér fyrir gerð heildaráætlunar um þörf fyrir grunnskólabyggingar við einsetningu grunnskóla. Áætlun þessi skal vera tilbúin fyrir lok október 1996.

4. gr.

Umsóknnum um stofnframlög samkvæmt reglugerð þessari skal skila til félagsmálaráðuneytisins fyrir 1. september ár hvert vegna framkvæmda á næsta ári. Umsóknirnar skulu vera á eyðublöðum sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga lætur útbúa. Umsóknunum skulu fylgja málsettar grunnmyndateikningar í stærð A3, sundurliðuð kostnaðaráætlun, greinargerð um framkvæmdina og aðrar nauðsynlegar upplýsingar og fylgigögn.

5. gr.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga gerir tillögur til ráðherra um úthlutun framlaganna.